

innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Baldri, VE 24, til tryggingar framan- greindum kröfum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 156/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hallgrími Elíssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjun- arstefnu 27. júní 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

Samkvæmt gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni ölvaður, svo sem greinir í ákæru. Miðað við alkóhól, er mældist í blóði ákærða, hefur hann með þessu brotið gegn 2., sbr., 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en eins og ákæru er háttað, verður honum þó einungis refsað fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. greinar.

Ákærði hafði eigi ökuleyfi, er þetta gerðist, þar sem hann hafði undirgengist sviptingu ökuleyfis í eitt ár með dómsátt 28. október 1982. Hann hefur því með akstri sínum brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ákærði verður ekki dæmdur fyrir brot gegn 37. gr. umferðarlaga, þar sem ákæra geymir eigi verknaðarlýsingu, er svari til þess ákvæðis.

Refsing ákærða verður samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða, sem eigi hafði ökuleyfi, er ákæra var gefin út. Þá ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Elísson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 28. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. maí sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 19. ágúst 1983, á hendur Hallgrími Elíssyni, Lækjarbakka, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu, fæddum að Helgastaðarhjáleigu í Austur-Landeyjahreppi 7. október 1952 fyrir að aka fimmtudaginn 24. mars 1983 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni L-2517 frá Reykjavík áleiðis heim til sín, uns bifreiðin hafnaði utan vegar á Suðurlandsvegi, Helliheiði, skammt austan Sandskeiðis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Fimmtudaginn 24. mars 1983, kl. 20:49, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á Suðurlandsvegi skammt austan Sandskeiðis. Umferðarslysið varð með þeim hætti, að bifreiðinni L-2517 var ekið austur

Suðurlandsveg, og skammt austan Sandskeiðis var henni ekið út af veginum með þeim afleiðingum, að hún valt.

Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, sem var mjög áberandi ölvaður, hafði komið sér upp á þjóðveginn, er lögreglan kom að, og fengið inni í bifreið, er hafði stöðvað þar. Var ákærði lítillaga skrámaður, en kenndi sér ekki meins að öðru leyti.

Var ákærði síðan fluttur á Árbæjarstöð lögreglunnar í Reykjavík, þar sem hann var leiddur fyrir varðstjóra. Ákærði viðurkenndi þar ekki áfengisneyslu, en kvaðst hafa ætlað að aka til Selfoss. Að öðru leyti fengust ekki frekari upplýsingar frá ákærða, þar sem hann var ekki viðuræðuhæfur sökum ölvunarástands.

Við yfirheyrslu hjá varðstjóra fór ákærði að kenna sé meins í hálsi, og var hann því fluttur á slysadeild Borgarspítalans með sjúkrabifreið. Var þar tekið úr honum blóðsýni. Ákærða var síðan leyft að fara, þar sem ekkert hafði fundist að honum annað en fyrrgreindar skrámur. Alkohólmagn í blóði ákærða reyndist vera 2.24 ‰.

Á staðnum gaf sig fram vitni Ágúst Halldórsson, Réttarholti 4, Selfossi.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 13. maí 1983, og skýrði ákærði svo frá: „Í umrætt sinn fór ég frá Reykjavík um kl. 20:00 og ætlaði heim til mín austur í Landeyjar. Ég var einn í bifreiðinni, en hún var geymd á Skólavörðuholtinu og tók ég á hana bensín á Shell-stöðinni við Miklubraut. Háalka og snjór var á veginum. Þegar óhappið vildi til hafði bifreiðin runnið til á veginum, fyrst til hægri, síðan til vinstri, en þá var bifreið að koma á móti, lagði ég þá á stýrið snögglega til hægri og fór bifreiðin út af og valt. Eftir veltuna man ég lítið hvað gerðist og veit ekki hvað gerðist á eftir, en man eftir að hafa komið á Árbæjarstöðina og Slysavardstofuna þar sem gert var að skrámum á höndum, einnig var ég slæmur í hálsi, en eftir aðgerð var mér leyft að fara.

Þennan dag hafði ég ekki bragðað áfengi og ekki í þrjá sólarhringa. Í bifreiðinni átti ég einn pela af whisky og eitt glas af brennsluspritti. Varðandi áfengismagnið sem mældist í blóði mínu tel ég það helst koma til greina, að ég hafi tekið whisky-pelann, eftir að bifreiðin valt, og sturtað í mig úr honum. Aðra skýringu hef ég ekki. Daginn eftir að þetta skeði fór ég suður í Hafnarfjörð að skoða bifreið mína, þar sem hún var geymd hjá Júlíusi Ingvarssyni. Þá fann ég ekki whisky-pelann, en sprittglasið var þar. Ég vil taka það skýrt fram að áfengi hafði ég ekki bragðað áður en bifreiðin valt.“

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis, áður en hann valt (sic bifreið sinni. Ákærði kvaðst ekki minnst þess, að hann hafi neytt neins áfengis, eftir að hann velti bifreiðinni, en í henni hafi verið whisky-fleygur, sem hann telur sig hafa getað drukkið.

Ákærði minnst þess ekki að hafa verið lengi í bílnum, og kvaðst reyndar lítið muna þar til hann kom að Árbæjarstöðinni. Ákærði kvaðst vilja taka fram, að hann hafi fengið mikið högg, er bifreiðin valt, og jafnvel fengið hátalara, sem hann taldi ca 1. kg að þyngd, í höfuðið.

Teknar voru skýrslur af þeim lögreglumönnum, er við rannsókn málsins unnu, og verður (sic) meginatriði þeirra rakin hér á eftir. Vitnið Ingi Þór Þorgrímsson lögreglumaður, Norðurtúni 15, Bessastaðahreppi, skýrði svo frá hjá lögreglu: „Fimmtudaginn 24. mars sl. var ég með Ellert Vigfússyni og Guðmundi Sigmundssyni lögregluþjónum við löggæslu. Fengum við þá boð um fjarskipti að bifreiðin L-2517 hefði verið á ferð í borginni, og var talin ástæða til að kanna með ökumann bifreiðarinnar. Við fórum austur Suðurlandsveg og svipuðumst við eftir L-2517. Er við höfðum ekið langleiðina upp að Bláfjallaafleggjaranum snérum við til baka enda töldum við að L-2517 hefði vart verið ekið austur Suðurlandsveg þar sem við sáum ekkert til ferða bifreiðarinnar. Þegar við höfðum ekið til baka og vorum komnir að Lögbergi fengum við kall um fjarskipti að umferðarslys hefði orðið á Suðurlandsvegi við Sandskeið. Fórum við þegar á slysavettvang og liðu ekki nema örfáar mínútur þar til við vorum komnir þangað. Þarna hafði L-2517 farið út af veginum að sunnanverðu. Ökumaður L-2517 sat þá í bifreið sem þarna hafði komið að. Þegar við höfðum tal af ökumanni L-2517 kom hann mér fyrir sjónir sem ofurólvi. Hann var mjög óstöðugur, sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans og frásögn hans öll ruglingsleg. Hann röflaði einverja vitleysu og var öll hegðun hans þannig að það var enginn vafi á því að maðurinn var undir miklum áhrifum áfengis.

Ökumaður L-2517 sagði ekki til nafns meðan hann var á vettvangi og gerði ég því leit í bifreiðinni að skilríkjum og skoðunarvottorði bifreiðarinnar, einnig gerði ég leit að áfengi. Ég fann enga áfengisflösku, en þar var gosflaska og var áfengislykt úr henni, þar var líka meðalaglas þarna en ég man ekki hvaða lyfjum það var merkt. Ég vil geta þess að ökumaður L-2517 hafði með sér skjalatösku, en það var ekki leitað í henni. Ellert og Guðmundur fóru síðan með ökumann L-2517 í Árbæjarstöð lögreglunnar, og hafði ég ekki frekari afskipti af honum. Ég varð eftir á vettvangi og leitaði ég að áfengisflösku bæði þá og eins gerði ég það áður þegar ég var að teikna vettvangsupprátt, en ég varð ekki var við neina flösku.“

Fyrir dómi skýrði vitnið frá í öllum meginatriðum á sama hátt og fyrir lögreglu að því undanskildu að vitninu (sic) minnti, að engin áfengislykt hafi verið úr þargreindri gosflösku, en aðspurt um þetta misræmi kvað vitnið vera langt um liðið og því sé það rétt sem greini í lögregluskýrslu um þetta atriði. Vitnið kvað ökumann L-2517, ákærða í máli þessu, augskýrlega hafa verið mjög áberandi ölvadan og hafi hann af þeim sökum ekki getað gengið óstuddur. Vitnið kvað mikla leit hafa verið gerða í bifreiðinni

að áfengi og lyfjum. Vitnið kveðst ekki hafa gert leit á ákærða, en leitað hafi verið í nágrenni slysstaðar án árangurs.

Af hálfu verjanda var framburði þessa lögreglumanns sérstaklega mót-mælt sem röngum, vilhóllum og óstaðfestum.

Vitnið Guðmundur Sigmundsson lögregluþjónn, Leirubakka 26, Reykjavík, skýrði í meginatriðum eins frá atburðum, og verður framburður hans því ekki rakin hér.

Vitnið Ellert Vigfússon lögregluflokksstjóri, Seilugranda 20, Reykjavík, skýrði á sama hátt frá, en kvaðst ennfremur á vettvangi hafa haft tal af ökumanni bifreiðarinnar, sem komið hafði á slystað, en framburður hans verður rakin hér á eftir.

Vitnið Björn Ágúst Einarsson lögregluflokksstjóri, Brekkuseli 34, Reykjavík, sem gegndi störfum varðstjóra í Árbæjarstöð lögreglunnar í umrætt sinn og tók af honum varðstjóraskýrslu (sic). Hann kvað ákærða hafa verið áberandi ölvaðan, sterkan áfengisþef hafa lagt frá vitum hans, andlit-ið þrútið og augun rauð og blóðhlaupin. Hann hafi verið óstöðugur, ó-hreinn og málfar hans allt þvöglulegt. Frásögn hans hafi verið samhengis-lauss og ruglingsleg.

Teknar voru skýrslur af vitnum sem mættu ákærða í umrætt sinn, og verða þær raktar hér.

Vitnið Ágúst Halldórsson ýtustjóri, Réttarholti 4, Selfossi, skýrði svo frá, að hann hafi verið á leið til Reykjavíkur og nálgast bifur L-2517 við vetrar-veg við Sandskeið og hefði þá ökumaður þeirrar bifreiðar tapað stjórn á henni og bifreiðin farið út af. Mætti (sic) kveðst þegar hafa snúið við og séð, hvar bifreiðin hefði farið út af, en í sömu svipan hefði borið að bíl frá Selfossi. Vitnið kvaðst hafa séð ökumanninn, er farþegar í aðkomubíln-um voru að aðstoða hann út úr bifreiðinni, og hefði hann borið ótvíræð merki ölvunar. Mjög sterk áfengislykt hefði verið af honum og hann hefði einungis „röflað.“ Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða vera með neitt áfengi undir höndum. Vitnið kvaðst hafa bedið eftir lögreglu og hefði á-kærði bedið í bifreið sinni á meðan og hefði hann ekki orðið var við, að hann neytti þar neins áfengis og ekki að hann væri með neitt meðferðis.

Vitnið Ingimar Baldvinsson verkamaður, Birkivöllum 28, Selfossi, kvaðst hafa séð, er L-bifreiðin hafi farið út af. Vitnið kvaðst þá hafa stöðvað strax og farið að bifreiðinni og hafi í mesta lagi liðið 2 mínútur frá því að bifreiðin fór út af þar til hann hafi verið kominn að bifreiðinni. Vitnið kvað ökumanninn hafa verið blóðugan á höndum og haldið á skjalatösku sinni í annarri hendinni. Hann kvað ökumanninn hafa verið dauðadrukkin og hafi hann ásamt félögum sínum orðið að styðja hann upp á veg. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt áfengi hjá ákærða, en mikil áfengislykt

hafi stafað frá honum. Vitnið kvað þá félagi hafa aðstoðað ákærða inn í bifreið Ágústs og síðan farið af staðnum.

Vitnið Valgeir Vilmundarson verkamaður, Egilsbraut 14, Þorlákshöfn, kvað L-bifreiðina hafa komið á móti í umrætt inn og hefði hún farið út af og hefði hann strax farið að bílnum ásamt félögum og hefði maður verið í bílnum með tösku í hendi. Hann hefði greinilega verið dauðadrukkinn og hefði verið mikil áfengislykt af honum. Hann kvað þá hafa stutt hann upp á veg og þar hefði hann farið inn í bíl. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa séð áfengi hjá ákærða. Vitnið kvað í mesta lagi hafa liðið 2 - 3 mínútur frá því að ákærði fór út af veginum og þar til þeir hefðu komið að honum.

Af hálfu verjanda var vitnaframburðum mótmælt sem röngum og óstaðfestum, að svo miklu leyti sem þeir samrýmdust ekki framburði og málsútlitun ákærða í málinu.

Niðurstaða.

Telja verður nægilega sannað með framburði allra fyrrnefndra vitna sem og því, sem rakið hefur verið hér að framan, og niðurstöðu alkohólran-sóknar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og þannig gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 15. ágúst 1983 hefur ákærði sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1976 20/10 í Kópavogi: sátt, 25.000,- kr. sekt fyrir brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 10.10. 1976.

1982 28/10 í Rang.: Sátt 5.500,- kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 28.10. 1982.

Dómsátt 28. október 1982 fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. l. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Skv. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl. kr. 6.000.-.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallgrímur Elísson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 6.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 219/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Unni Ágústdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.